



5. júlí 2021  
Tilv.: 2106224

Dreifibréf númer: 36/2021  
Til útgefenda verðbréfa

*Efni:* Viðmiðunarreglur ESMA um aðrar árangursmælingar

Evrópska verðbréfaeftirlitsstofnunin (ESMA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) um aðrar árangursmælingar (ESMA2015/1415en), e. alternative performance measures. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að aðrar árangursmælingar séu nothæfar og gagnsæjar þegar þær eru hluti af lýsingu eða upplýsingum sem skyldt er að birta samkvæmt lögum.

„Upplýsingar sem skyldt er að birta samkvæmt lögum“ eru upplýsingar sem útgefanda er skyldt að birta á grundvelli laga nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu. Viðmiðunarreglurnar eiga að bæta áreiðanleika og samanburðarhæfi annarra árangursmælinga. Viðmiðunarreglurnar hafa verið í gildi innan Evrópusambandsins frá 3. júlí 2016.

ESMA telur útgáfu viðmiðunarreglna um aðrar árangursmælingar nauðsynlega með vísan til fjárfestaverndar hvað upplýsingaskylduna varðar og þess að upplýsingar í lýsingu séu settar fram á auðgreinanlegan og auðskilinn hátt. Viðmiðunarreglurnar ná til útgefenda verðbréfa sem hafa fengið verðbréf sín tekin til viðskipta á skipulegum markaði og þeirra sem bera ábyrgð á efni lýsinga.

Aðrar árangursmælingar eru samkvæmt viðmiðunarreglunum annað fjárhagslegt mat á sögulegum árangri eða framtíðarárangri, fjárhagsstöðu, eða sjóðstreymi, en fjárhagslegar mælingar sem skilgreindar eru í gildandi lagaramma um reikningsskil. Með gildandi lagaramma er átt við International Financial Reporting Standards (IFRS), Generally Accepted Accounting Principles (GAAP) eða lög nr. 3/2006 um ársreikninga. Undir aðrar árangursmælingar falla því ekki ráðstafanir sem tilgreindar eru í gildandi lagaramma um reikningsskil, s.s. tekjur, hagnaður eða tap eða hagnaður á hlut. Upplýsingar um verulega hlutafjáreign, öflun eða ráðstöfun eigin hlutabréfa eða upplýsingar um heildarfjölða atkvæðisréttar falla t.d. heldur ekki undir viðmiðunarreglurnar.

Ef aðrar árangursmælingar eru hluti af lýsingu eða upplýsingum sem skyldt er að birta samkvæmt lögum ber að fylgja viðmiðunarreglunum við framsetningu þeirra. Venjulega byggja aðrar árangursmælingar á reikningsskilum sem skilgreind eru í gildandi lagaramma, en oftast þannig að fjárhæðum er ýmist bætt við eða þær dregnar frá þeim fjárhæðum sem þar koma fram. Aðrar árangursmælingar geta t.d. falið í sér rekstrartekjur, tekjur í reiðufé, tekjur fyrir einskiptisgjöld, tekjur fyrir

vexti, skatta, afskriftir og afborganir (EBITDA), hreinar skuldir, sjálfstæðan vöxt eða svipuð hugtök sem tákna aðlögun að liðum í yfirliti yfir heildartekjur, yfirlit yfir fjárhagsstöðu eða yfirlit yfir sjóðsstreymi.

Útgefendur eða þeir sem sem bera ábyrgð á efni lýsingar eiga að skilgreina hvaða aðrar árangursmælingar eru notaðar, hverju þær samanstanda af sem og hver grundvöllur útreikningsins er. Einnig eiga þeir að greina fá því hvort mælingarnar tengjast árangri á liðnu eða komandi reikningsári.

Skilgreiningu á öðrum árangursmælingum og útreikning þeirra skal setja fram á skýran og auðskilinn hátt. Efni skilgreiningarinnar má ekki vera misvísandi. Útskýra skal notkun á öðrum árangursmælingum svo lesandinn átti sig á hver tilgangurinn er með mælingunni og áreiðanleika hennar. Skilgreining og útreikningur á öðrum árangursmælingum á að vera samkvæmur á milli ára og framangreindu skal aðeins að breyta í undantekningartilvikum. Ef breyting er gerð á skilgreiningu eða útreikningi skal útskýra breytinguna, ástæðu fyrir henni og birta samanburðartölur. Ef útgefandi hættir að nota aðrar árangursmælingar skal útskýra af hverju þær eru ekki lengur viðeigandi.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði eiga lögbær yfirvöld og þátttakendur á fjármálamarkaði að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum og almennum tilmælum eftirlitsstofnananna. Tilgangur þeirra er að koma á samræmdri, árangursríki og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf um fjármálapjónustu innan EES.


Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) mun styðjast við viðmiðunarreglurnar við eftirlitsframkvæmd. Fjármálaeftirlitið beinir því til útgefenda sem falla undir reglur um upplýsingaskyldu á á grundvelli laga nr. 20/2021 um upplýsingaskyldu útgefanda verðbréfa og flöggunarskyldu og aðila sem ábyrgir eru fyrir efni lýsingar, sbr. 4. gr. laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, að kynna sér þær og taka mið af þeim í upplýsingagjöf sinni eftir því sem við á.

Dreifibréfið verður birt á heimasíðu Seðlabankans ásamt hlekk á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna sem er jafnframt aðgengileg hér:

<https://www.esma.europa.eu/sites/default/files/library/2015/10/2015-esma-1415en.pdf>

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS  
Fjármálaeftirlit

  
Rannveig Júníusdóttir  
framkvæmdastjóri  
skrifstofa bankastjóra

  
Elsa Karen Jónasdóttir  
lögfræðingur  
markaðir og viðskiptahættir